

Skólaráð Hörðuvallaskóla

3. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 19. október 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Margrét Eva Backman, Guðmundur Daníel Erlendsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Samskiptastefna heimila og skóla

Búið er að fjalla um samskiptastefnuna á kennarafundi og uppfæra miðað við athugasemdir þaðan.

Plaggið lesið yfir á fundinum og engar athugasemdir gerðar. Verður sent út með fundargerð svo fulltrúar hafi tækifæri til að bera undir sitt bakland og afgreitt formlega á næsta fundi.

2. Heimanám

Af stað er farin vinna við endurskoðun á heimanámsstefnu skólans. Nokkrar umræður um tilgang og fyrirkomulag heimanáms. Fulltrúar nemenda lýstu andstöðu við heimanám en almenn sátt er um að lestur sé nauðsynlegur. Stefnt að því að senda fulltrúum drög að uppfærðri stefnu fyrir næsta fund og taka málið til umræðu að nýju.

3. Húsnæðismál.

Lítið nýtt að fréttu frá síðasta fundi, ákveðið að ýta á um nýjan fund með menntasviði og fá þar nýjustu upplýsingar varðandi fjölgun í hverfinu. Framkvæmdir við byggingu milli stofa 7. bekkjar hafa dregist úr hófi og skólastjóri mun þrýsta á eins og hægt er.

4. Niðurstöður lesferilsprófa og Skólapúlsins

Skoðaðar niðurstöður fyrstu fyriragnar Skólapúlsins í 6.-10. bekk. Í heildina tekið afar jákvæðar niðurstöður sem fyrr. Skólaráðsfulltrúar leyfa sér að vona að jákvæð merki um aukna ánægju af lestri í 7. og 9. bekk gefi fyrirheit um breytingar í rétta átt á því sviði. Einnig skoðaðar niðurstöður úr fyrstu fyrirlögn lesfimiprófa í öllum árgöngum. Erfitt að meta hvort niðurstöður séu ásættanlegar þar sem samanburð við aðra skóla vantar og viðmið sem sett eru miðast við lok skólaárs. Hins vegar ljóst að vel þarf að halda á spöðunum svo að sett markmið náist fyrir vorið.

5. Aðstaða nemenda í Vallakór

Framhald af umræðu á síðasta fundi um félagsaðstöðu nemenda í Vallakór. Búið er að opna inn á ganginn fyrir nemendur í frímínútum þannig að þau hafa meira pláss, fleiri sófa o.s.frv. en fyrirhugað að skoða frekari úrbætur í samráði við starfsfólk félagsmiðstöðvar.

6. Vespur á skólalóð

Fyrirspurn um hvort það sé ekki alveg klárt að vespur eigi ekki að vera á ferð á skólalóðinni, hvorki á skólatíma né eftir skólatíma. Svar: Jú það er alveg klárt!

7. Eftirlitsmyndavélar

Búið er að afla tilboða í eftirlitsmyndavélar fyrir skólalóðina í Baugakór en spurning um fjármögnun þar sem gert er ráð fyrir að þessi búnaður sé fjármagnaður af rekstrarfé skólans. Hugmynd kom fram um samflot með Salaskóla í þessu máli en munu myndavélamál líka í athugun. Skólastjóri skoðar það.

8. Erindi frá foreldri

„Í ljósi hlutfallslegrar dreifingar hæfnieinkunna nemenda úr 10. bekk í Hörðuvallaskóla sem birt er í skýrslu um ytra mat 2017 er spurt til hvaða aðgerða eigi að grípa til að laga og bæta árangur nemenda í Hörðuvallaskóla í stærðfræði og íslensku og hver muni taka ábyrgð á þeim aðgerðum.“

Um þetta er að segja að yfir stendur vinna við umbótaáætlun vegna ytra matsins og verður þeirri vinnu lokið í síðasta lagi 15. nóvember nk. Skólastjóri mun fyrir þann tíma skila svari til skólaráðs við framangreindri spurningu að svo miklu leyti sem hægt er en ljóst er að skólastjóri ber ábyrgð á úrbótum í þessu máli sem öðrum.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 23. nóvember kl. 16:00 en verður boðaður með tölvupósti með viku fyrirvara.